

Reglur um stofn- og aðstöðustyrki vegna daggæslu í heimahúsum í Sudurnesjabæ

1. gr. Almennt

1.1 Um stofnstyrk

Mennta- og tómstundasvið Sudurnesjabæjar veitir dagforeldrum, sem fá leyfi til daggæslu barna í Sudurnesjabæ í fyrsta sinn, stofnstyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Dagforeldri sem ekki hefur starfað í þrjú ár eða lengur frá því að leyfi til daggæslu féll úr gildi en hyggst taka til starfa að nýju getur jafnframt sótt um stofnstyrk. Ekki er greiddur stofnstyrkur til þeirra sem eru að endurnýja eldra leyfi.

1.2 Um aðstöðustyrk

Mennta- og tómstundasvið Sudurnesjabæjar veitir dagforeldrum sem eru með leyfi til daggæslu barna í Sudurnesjabæ eftir 12 mánuði í starfi árlega aðstöðustyrk til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja, enda sé skilyrðum styrkveitingar skv. 4. gr. reglnanna fullnægt.

Miðar upphaf starfstíma við dagsetningu undirritunar þjónustusamnings milli dagforeldris og Sudurnesjabæjar.

2.gr. Umsóknir

2.1 Umsókn um stofnstyrk

Umsókn um stofnstyrk skal send mennta- og tómstundasviði á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á vefsíðu Sudurnesjabæjar.

2.2 Aðstöðustyrkur

Aðstöðustyrkur er greiddur án umsóknar til dagforeldra sem uppfylla skilyrði þessara reglna, almennt 1. október ár hvert.

3.gr. Fjárhæð styrks

3.1 Fjárhæð stofnstyrks og greiðsla

Fjárhæð stofnstyrks er kr. 200.000. Um er að ræða eingreiðslu. Fjárhæð styrks getur breyst skv. ákvörðun Sudurnesjabæjar.

3.2 Fjárhæð aðstöðustyrks og greiðsla

Fjárhæð aðstöðustyrks og greiðsla Eftir 12 mánuði í starfi, það er frá undirritun þjónustusamnings, er fjárhæð aðstöðustyrks kr. 100.000 árlega. Fjárhæð styrks getur breyst samkvæmt ákvörðun Sudurnesjabæjar.

4.gr. Skilyrði styrkveitingar

Skilyrði styrkveitingar eru eftirfarandi:

1. Dagforeldrar, sem fá leyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála til daggæslu barna í Sudurnesjabæ í fyrsta sinn eiga rétt á stofnstyrk.



SUDURNESJABÆR

2. Dagforeldrar sem eru með leyfi til daggæslu barna í Suðurnesjabæ og sem hafa gert þjónustusamning eiga 12 mánuðum síðar rétt á árlegum aðstöðustyrk.
3. Til að eiga rétt á stofn- og aðstöðustyrk þarf að liggja fyrir þjónustusamningur við mennta- og tómsfundasvið.
4. Til að eiga rétt á stofn- og aðstöðustyrk þarf dagforeldri að hafa að lágmarki 3 börn í daggæslu þar af má eitt barn vera barn dagforeldris.
5. Opnunartími daggæslu skal að lágmarki vera 6 tímar á dag. Ella skerðast greiðslur hlutfallslega. Ef opnunartími er undir 6 tímum á dag skerðist styrkur hlutfallslega sem nemur 10% fyrir hverja klukkustund miðað við fullan styrk.
6. Hefji tveir dagforeldrar með nýtt leyfi starf saman fær hvort um sig greiddan stofnstyrk og hvort um sig aðstöðustyrk til samræmis við reglur þessar. Þegar tveir dagforeldrar starfa saman skal nýta styrkinn til þeirrar aðstöðu sem unnið er í.
7. Hætti dagforeldri störfum innan eins árs frá greiðslu styrksins eða börn í daggæslu eru færri en 3 að meðaltali yfir árið ber að endurgreiða styrkinn að fullu.
8. Dagforeldri sem fær styrk skuldbindur sig til að nýta styrkinn til að bæta aðstöðu í daggæslunni með tilliti til þarfa og öryggis barna sem þar dvelja.

5. gr.

Meðferð umsókna og greiðslur

5.1 Umsókn uppfyllir skilyrði

Ef umsókn um stofnstyrk er samþykkt af mennta- og tómsfundasviði verður greitt skv. reglum þessum inn á þann reikning umsækjanda sem mánaðarleg framlög vegna niðurgreiðslu er greidd inn á. Greiðslur stofnstyrkja fara fram um mánaðamót og miðast við samþykktar umsóknir á bilinu 15. til 15. dag mánaðar.

5.2 Umsókn uppfyllir ekki skilyrði

Ef ekki er unnt að verða við umsókn um stofnstyrk eða greiðslu aðstöðustyrks ber að gefa dagforeldri kost á að tjá sig áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða dagforeldris og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Ef tekin er ákvörðun um að synja umsókn eða greiðslu aðstöðustyrks, að loknu mati á fyrirbyggjandi upplýsingum, ber að tilkynna það í bréfi til dagforeldris og upplýsa um rétt til að fá ákvörðun rökstudda og kærurétt.

Bæjarstjórn samþykkti á 74. fundi þann 6. nóvember 2024 reglur þessar og að þeir sem uppfylla skilyrðin frá og með 1. janúar 2025 eða síðar geti sótt um.